

# Baðstofan er þjóðargersemi

- Hannes Lárusson segir að baðstofan sé merkilegasta framlag Íslendinga til þrívíðrar mótunar
- Safnar ljósmyndum og rannsakar baðstofuna ● Hvetur til byggingar baðstofa nútímans

## VIÐTAL

Helgi Bjarnason  
helgi@mbli.is



„Baðstofan er merkilegasta framlag Íslendinga til þrívíðrar mótunar, eitt af því fáa sem við getum teft fram með fullu stolti hvar sem er,“ segir Hannes Lárusson, myndlistarmaður í Íslenska bænum í Austur-Medalholtum í Flóa. Hann hefur rannsakað ýmsa þætti torfbæjararfsins og hefur með konu sinni, Kristínu Magnúsdóttur, byggt upp menningarsetur þar sem áhersla er lögð á fræðslu um íslenska torfbæinn.

Hannes hefur að undanfögnu sérstaklega beint sjónun sínum að baðstofurými. „Mér finnst eins og ég sé ekki að taka of mikið upp í mig með því að segja að mönnum hafi yfirséð mikilvægi baðstofunnar. Hún hefur aldrei verið skoðuð, óháð mannlífni og lífsbaráttunni sem hún fóstaraði, sem byggingarlist og þróuð rýmis-mótun.“

Baðstofan sé hjarta íslenska torfbæjarins, helgidómur út af fyrir sig. „Ef það er baðstofa í húsinu þá telst það torfbær, sama hvaða byggingarefni er notað.“

### Ótvírætt varðveislugildi

Hannes ber baðstofuna saman við japönsku tehusin. Hvor tveggja geti aðeins orðið til við margra alda þróun. „Baðstofan þróaðist á tíma 20 kynslóða og náði ákveðinni fullkominu svo ekki varð lengra komist í fagurfræðilegum skilningi. Blómaskeið hennar varð á árunum 1880 til 1920, þá kunnu Íslendingar að byggja góða bæi og fallegar baðstofur í öllum landshornum,“ segir Hannes.

Ekki eru margir torfbærir eftir. Einhverjar baðstofur eru þó enn uppistandandi, utan húsasafns Þjóðminjasafnsins, en þeim fer fækkandi. Hann telur að tæplega 30 baðstofur séu eftir í landinu,



Morgunblaðið/Helgi Bjarnason  
Hann ólst upp í baðstofunni.

þegar allt er talið, og hafi allar ótvírætt varðveislugildi. Hannes nefnir að leifar af panelklæddum baðstofum liggi enn óbættar hjá garði úti um allt land. Þær séu byggðar eftir sömu lögmálum og gömlu baðstofurnar og á sinn hátt jafn merkilegar.

„Ef það er eitthvað sem hægt er að kalla þjóðargersemi í þrívíðri

list, þá er það baðstofan,“ segir hann.

### Ekki má ofhlaða

Hannes nefnir sem rök fyrir máli sínu hlutföllin í baðstofunni og aðlögun hennar að landinu annars vegar og líkamanum hins vegar. Hugtakið mannleg stærð er algerlega samofið þessu rými. Hann

bætir við birtunni, mikilvægi ljóss og skugga. „Þá er aðkoman að baðstofunni í gegnum torfbæinn algerlega einstök upplifun. „Þegar baðstofurnar voru í notkun voru tiltölulega fáir hlutir þar inni en allir á sínum stað. Borðið var undir glugganum í sunnlenskum baðstofum. Útskornar rúmfallir, ofn rúmteppi, klukka á vegg og ein

bíbliumynd eða teikning af Hallgrími Péturssyni, örfáar bækur á hillu, einn eða tveir rokkar og snældu og kambur undir sperrum.“

Hannes segir að ekki megi ofhlaða baðstofuna eins og því miður sé of algengt í byggðasöfnun. Hann bætir því við að sjá megi á gömlum ljósmyndum að í sumum baðstofum sé ekkert í rýminu nema rúmin og það allra nauðsynlegasta og það fari þeim einnig afar vel. „Í baðstofu á að vera ró og hlýja. Baðstofur eru í senn afar einföld rými um leið og þau búa yfir svo dularfullri dýpt,“ segir Hannes.

Hann stíngur upp á því að Íslendingar byggji sér nýjar baðstofur, með sama hætti og Japanir byggji ný tehus samkvæmt gömlum hefðum. Ef baðstofan yrði byggð í réttum hlutföllum og af nauðsynlegri alúð og vandvirkni myndi það vafalaust gera eigendunum gott að sofa þar stöku sinnum, svo ekki sé talað um að drekka kaffi með þönnukökum, kleinum eða vínartertu við borðið undir baðstofuglugganum, við hátíðleg tækifæri.

### Ljósmyndir til rannsóknar

Hannes er um þessar mundir sérstaklega að safna ljósmyndum og teikningum úr baðstofum. Honum hefur gengið söfnunin nokkuð vel, miðað við hversu fáar myndir myndast vera til. Hann telur þó að enn kunnir að vera til hjá einstaklingum baðstofumyndir sem fengur færir að fá aðgang að og hvetur fólk til að hafa samband við sig. Myndirnar eru að hans mati mikilvæg gögn við rannsóknir og tilkun á þessum menningararfi.

Hann stefnir að því að koma athugunum sínum á bók. Greina baðstofurýmið og gera því skil þannig að það verði metið að verðleikum, eins og hann tekur til orða. Í framhaldinu hyggst hann opna sérstaka sýningu um baðstofuna í sýningar-skála Íslenska bæjarins í Austur-Medalholtum.

## ERLENDIR HÁSKÓLANEMAR SÆKJA TORFBÆINN HEIM



Bær Torfbæinn í Austur-Medalholtum er fallegur og vel upp gerður.

## Umgangast bæinn af virðingu

Menningarsetrið Íslenski bærinn var opnað í Austur-Medalholtum í Flóa haustið 2014. Í sýningar-skála er yfirgripsmikil sýning um torfbæjararfinn og búið er upp á ýmis námskeið og fræðslu.

„Þetta hefur gengið vel. Við höfum sáralítið auglýst en þetta spyrst út. Við fáum fasta hópa útlendinga, áhugafólks um torfbæinn og vistmenningu. Einnig koma margvíslegir hópar Íslendinga, sérstaklega á vorin og haustin,“ segir Hannes Lárusson.

Hannes og fjölskylda hans byggðu upp gamla torfbæinn í Austur-Medalholtum fyrir um 25 árum, bæinn sem Hannes ólst sjálfur upp í. Þau hjónin, Hannes og Margrét, hófust handa fyrir um 10 árum við að byggja sýn-

ingaradstöðu Íslenska bæjarins. Byggingin er að flestu leyti byggð á vistvænum forsendum og sækir sem slík töluvert til gamla íslenska byggingararfsins.

Útlendingarnir sem þangað koma eru aðallega frá Bandaríkjunum og Kanada en einnig frá Evrópu, áhugafólks um vistmenningu, staðbundinn arkitektúr og hefðbundnar aðferðir við byggingar. Þetta eru gjarnan háskólanemar sem koma á vegum skóla og stofnana ár eftir ár. Sumir hópanna dvelja meira en einn dag á námskeiðum og fá þá að gista í gamla torfbænum.

„Þau umgangast torfbæinn undantekningarlaust af mikilli virðingu, líta á baðstofuna sem einstaklega helgidóm, einmitt eins og við Íslendingar ættum að gera,“ segir Hannes.